

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 23.06.2021, kl. 17:15

Mætt: Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Gunnar Berg Viktorsson (GBV).

### Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

#### 1. Samþykkt fundargerða

Lagðar voru fram til samþykktar eftirfarandi fundargerðir:

- Aðalstjórnarfundur haldinn 19. maí sl.

**Niðurstaða:** Var fundargerð aðalstjórnarfundar 19. maí samþykkt með smávægilegum breytingum frá SG.

#### 2. Áætlun

##### 1. Áætlun vallarsjóðs og aðalstjórnar

BS fór yfir áætlun fyrir aðalstjórn og rekstur vallarmannvirkis. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðum rekstri beggja eininganna í lok árs og er fremur varfærnisleg að mati BS.

##### 2. Áætlanir í barna- og unglिंगastarfi deilda og æfingagjöld

BS lagði fram áætlanir fyrir barna- og unglिंगastarf hvernar deildar fyrir sig. Gert er ráð fyrir að að æfingagjöld fylgi vísitöluhækkun líkt og fyrri ár í áætlunum deildanna og að barna- og unglिंगastarf sé í jákvæðum rekstri í lok tímabilsins.

##### 3. Þjónustugjald inn í æfingagjöld

ÁIP lagði fram þá tillögu að 2.000 kr. þjónustu-/félagsgjaldi sé bætt inn í æfingagjöld allra iðkenda allra deilda til að geta bætt við einu stöðugildi hjá félaginu sem hugsað er til að mæta sívaxandi kröfu deilda um aukna þjónustu samfara fleiri iðkendum og almennt stækkandi félagi. Upphæðin dugar ekki fyrir 100% stöðugildi og því er einnig verið að horfa til annarra tekjuleiða til að fjármagna það stöðugildi, þar sem mikilvægt er að halda þessu gjaldi hóflegu.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn vill geta tekið málið fyrir með stjórnnum deilda og leggur til kynningu fyrir formenn á næsta félagsráðsfundi.

### **3. Sportland**

Tekin var ákvörðun um að segja upp samningi félagsins við Sportland ehf. og ÁÍP falið að sjá um uppsögn í samvinnu við HJ.

### **4. heiðursviðurkenningar – tillaga frá nefnd**

EÁ lagði fram greinargerð og tillögu að endurbótum á reglum um heiðursviðurkenningar Stjórnunnar frá starfsnefnd um heiðursviðurkenningar.

**Niðurstaða:** greinargerð og tillögur heiðursviðurkenningarnefndar samþykkar einróma.

### **5. Garðabær**

#### **1. Aðstöðumál - fimleikar, karfa og Vetrarmýrin**

Farið var yfir þær beiðnir sem komið hafa frá deildum félagsins varðandi aðstöðumál og endurnýjun tækjabúnaðar. ÁÍP var falið að þarfagreina og setja upp kostnaðaráætlun.

#### **2. TM höllin**

SG, IHR og ÁÍP fóru yfir helstu atriði sem fóru fram á fundi þeirra og Patreks Jóhannessonar með forsvarsmönnum Garðabæjar um mögulega yfirtöku Stjórnunnar á rekstri TM hallarinnar. Áætlað er að málið verði tekið fyrir hjá bæjarstjórn Garðabæjar í ágúst.

#### **3. Völlur**

ÁÍP upplýsti um að búið væri að samþykkja nýjan rekstrarsamning vegna rekstrar vallarmannvirkja. Í nýjum samningi er tekið mið af þeim launahækkunum sem hafa átt sér stað á samningstíma gamla samningsins en að öðru leyti helst samningurinn óbreyttur.

### **6. Önnur mál**

#### **1. Beiðni frá fimleikadeild**

Stjórn fimleikadeildar sendi inn beiðni fyrir styrk vegna bikar- og Íslandsmeistaratitla í karlaflokki en eingöngu Stjarnan 1 og Stjarnan 2 tóku þátt.

**Niðurstaða:** styrkbeiðni var hafnað á þeim forsendum að eingöngu Stjarnan sendi lið til keppni.

#### **2. Launamál**

Umræða var um launamál félagsins og var SG, HJ og IHR falið að yfirfara og eftir atvikum semja um kjör við yfirstjórn.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:05 – ritað ÁÍP